

AUGLÝSING

um samkomulag um þátttöku í Schengen-nefndum.

Hinn 24. mars 2014 var aðalframkvæmdastjóra ráðs Evrópusambandsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samkomulags milli Evrópusambandsins og lýðveldisins Íslands, Furstadæmisins Liechtenstein, Konungsríkisins Noregs og Ríkjasambandsins Sviss um þátttöku þessara ríkja í starfi nefnda sem aðstoða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins við að beita framkvæmdavaldi sínu að því er varðar framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna, sem gert var í Brussel 22. september 2011. Samkomulagið öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 1. maí 2014.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 7. október 2021.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG

MILLI EVRÓPUSAMBANDSINS OG LÝÐVELDISINS ÍSLANDS,
FURSTADÆMISINS LIECTENSTEINS,
KONUNGRÍKISINS NOREGS OG RÍKJASAMBANDSINS SVISS
UM ÞÁTTTÖKU ÞESSARA RÍKJA Í STARFI NEFNDA SEM AÐSTOÐA
FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS VIÐ AÐ BEITA
FRAMKVÆMDAVALDI SÍNU AÐ ÞVÍ ER VARÐAR FRAMKVÆMD,
BEITINGU OG ÞRÓUN SCHENGEN-RÉTTARREGLNANNA

EVROÞPUSAMBANDIÐ

og

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,

hér á eftir nefnt „Ísland“,

FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN,

hér á eftir nefnt „Liechtenstein“,

KONUNGRÍKIÐ NOREGUR,

hér á eftir nefnt „Noregur“, og

RÍKJASAMBANDIÐ SVISS,

hér á eftir nefnt „Sviss“,

hér á eftir nefnd saman „samstarfsríkin“,

MEÐ HLIÐSJÓN af samningnum sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna (hér á eftir nefndur „samstarfssamningurinn við Noreg og Ísland“),

MEÐ HLIÐSJÓN af samningnum sem undirritaður var 26. október 2004 milli Evrópusambandsins, Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss um þátttöku Ríkjasambandsins Sviss í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna (hér á eftir nefndur „samstarfssamningurinn við Sviss“),

MEÐ HLIÐSJÓN af bókuninni sem undirrituð var 28. febrúar 2008 milli Evrópusambandsins, Evrópubandalagsins, Ríkjasambandsins Sviss og Furstadæmisins Liechtensteins um aðild Furstadæmisins Liechtensteins að samningnum milli Evrópusambandsins, Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss um þátttöku Ríkjasambandsins Sviss í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna (hér á eftir nefnd „bókunin um samstarf við Liechtenstein“),

MEÐ HLIÐSJÓN AF samningnum í formi bréfaskipta sem gerður var 18. maí 1999 milli ráðs Evrópusambandsins og Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um nefndir sem aðstoða framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna við að beita framkvæmdavaldi sínu,

MEÐ HLIÐSJÓN AF samningnum í formi bréfaskipta sem undirritaður var 26. október 2004 milli ráðs Evrópusambandsins og Ríkjasambandsins Sviss um nefndir sem aðstoða framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna við að beita framkvæmdavaldi sínu,

MEÐ HLIÐSJÓN AF yfirlýsingunni sem fylgir bókuninni um samstarf við Liechtenstein sem undirrituð var 28. febrúar 2008 um þátttöku í nefndum sem aðstoða framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna við að beita framkvæmdavaldi sínu,

AÐ TEKNU TILLITI TIL þess að nýjar gerðir eða ráðstafanir sem tengjast Schengen-réttarreglunum [áður Schengen-gerðunum] og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, hér á eftir nefnd

„framkvæmdastjórnin“, samþykkir við beitingu framkvæmdavalds síns, og sem farið hefur verið með samkvæmt þeim málsmeðferðarreglum sem settar eru fram í þessu samkomulagi, skulu öðlast gildi samtímis að því er Evrópusambandið og hlutaðeigandi aðildarríki þess varðar og að því er samstarfsríkin varðar.

AÐ TEKNU TILLITI TIL þess að þörf er á því að tryggja beitingu nýrra gerða eða ráðstafana sem tengjast Schengen-réttarreglunum og samræmda framkvæmd þeirra og það kallar á þátttöku samstarfsríkjanna í starfi nefnda sem aðstoða framkvæmdastjórnina við að beita framkvæmdavaldi sínu þegar ákvarðanir eru teknar um gerðir eða ráðstafanir sem fela í sér þróun á Schengen-réttarreglunum,

ÞAR EÐ í samstarfssamningunum er ekki að finna ítarlegar reglur um þátttöku samstarfsríkjanna í starfi nefndanna sem aðstoða framkvæmdastjórnina við að beita framkvæmdavaldi sínu þegar ákvarðanir eru teknar um gerðir eða ráðstafanir sem fela í sér þróun á Schengen-réttarreglunum,

ÞAR EÐ mælt er, eins og sakir standa, fyrir um þátttöku lýðveldisins Íslands, Konungsríkisins Noregs og Furstadæmisins Liechtensteins í nefndinni, sem aðstoðar framkvæmdastjórnina við að beita framkvæmdavaldi sínu og komið var á fót með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um fjálsa miðlun slíkra upplýsinga¹, í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, en mælt er fyrir um þátttöku Ríkja-sambandsins Sviss í þessari nefnd í bréfaskiptum sem fylgja með samstarfssamningnum við Sviss,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Samkomulag þetta gildir um gerðir eða ráðstafanir, sem eru til breytingar á Schengen-réttarreglunum eða byggðar á þeim og framkvæmdastjórnin samþykkir þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu að því er varðar framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna.

2. gr.

1. Samstarfsríkin skulu koma sem áheyrnarfulltrúar að starfi nefndanna, sem aðstoða framkvæmdastjórnina við að beita framkvæmdavaldi sínu að því er varðar framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna, hér á eftir nefndar „Schengen-framkvæmdanefndirnar (e. Schengen Comitology committees)“, sem um getur í viðauka við þetta samkomulag.
2. Þegar nýrri nefnd er komið á fót með nýrri gerð, sem er til breytingar á Schengen-réttarreglunum eða er byggð á þeim, til að aðstoða framkvæmdastjórnina við að beita framkvæmdavaldi sínu, skulu samstarfsríkin koma að starfi þessarar nefndar frá og með gildistöku gerðarinnar um stofnun nefndarinnar.
3. Framkvæmdastjórnin skal reglulega uppfæra skrána yfir Schengen-framkvæmdanefndirnar og birta hana í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

3. gr.

1. Fulltrúar samstarfsríkjanna skulu koma að starfi Schengen-framkvæmdanefndanna eins og lýst er í þessari grein.
2. Í Schengen-framkvæmdanefndunum skulu samstarfsríkin eiga þess kost að:
 - útskýra vandamál sem fyrir þeim verða að því er varðar tiltekna gerð eða ráðstöfun vegna framkvæmdar, beitingar eða þróunar Schengen-réttarreglnanna eða taka afstöðu til vandamála sem aðrar sendinefndir standa frammi fyrir,
 - skýra frá sjónarmiðum sínum í sérhverju álitamáli er viðvíkur samningu, þróun eða framkvæmd ákvæða sem þau varða.
3. Samstarfsríkin skulu hafa rétt til að setja fram hugmyndir í Schengen-framkvæmdanefndunum. Að loknum umræðum er framkvæmdastjórninni heimilt að taka þessar hugmyndir til umfjöllunar í því augnamiði að leggja fram tillögu eða eiga frumkvæði.

¹ Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

4. Samstarfsríkin skulu ekki taka þátt í atkvæðagreiðslu Schengen-framkvæmdanefndanna og skulu draga sig í hlé þegar atkvæðagreiðsla fer fram í nefnd.
5. Þegar boðað er til funda í Schengen-framkvæmdanefndunum skulu samstarfsríkin fá senda dagskrá, drög að ráðstöfunum sem þær eru beðnar um að gefa álit sitt á og öll önnur vinnuskjöl, sem skipta máli í þessu sambandi, á sama tíma og aðildarríki ESB.
6. Meginreglur og skilyrði um almennan aðgang að skjölum Schengen-framkvæmdanefndanna skulu vera þau sömu og gilda um skjöl framkvæmdastjórnarinnar².
7. Með tilliti til beitingar þessa samkomulags og þegar kveðið er á um atriði er varða málsmeðferð í Schengen-framkvæmdanefndunum skal vísa til þessarar greinar.

4. gr.

Við gerð tillagna, sem eru til breytingar á ákvæðum Schengen-réttarreglnanna eða eru byggðar á þeim, skal framkvæmdastjórnin, með óformlegum hætti, leita ráða hjá sérfræðingum samstarfsríkjanna á sama hátt og hún leitar ráða hjá sérfræðingum aðildarríkja Evrópusambandsins, hér á eftir nefnd „aðildarríkin“, í tengslum við samningu tillagna sinna.

5. gr.

1. Samþykkt nýrra gerða eða ráðstafana sem fela í sér þróun á Schengen-réttarreglunum skal alfarið vera í höndum þar til bærra stofnana Evrópusambandsins³.

Með fyrirvara um 3. mgr.

- skulu slíkar gerðir eða ráðstafanir öðlast gildi samtímis því er varðar Evrópusambandið og hlutaðeigandi aðildarríki þess og að því er varðar samstarfsríkin, nema skýrt sé kveðið á um annað í þessum gerðum eða ráðstöfunum,
 - skapar samþykkt hvers samstarfsríkis á slíkum gerðum eða ráðstöfunum réttindi og skyldur milli þess samstarfsríkis, annars vegar, og Evrópusambandsins og þeirra aðildarríkja þess, sem bundin eru af viðkomandi gerðum og ráðstöfunum, hins vegar.
2. Samstarfsríkjunum skal tilkynnt um samþykkt gerða eða ráðstafana, sem um getur í 1. mgr. og farið hefur verið með samkvæmt þeim málsmeðferðarreglum sem settar eru í þessu samkomulagi. Aðalskrifstofa framkvæmdastjórnarinnar skal tilkynna samstarfsríkjunum um samþykkt gerða eða ráðstafana sem um getur í 1. mgr., með tilvísun til þessarar greinar, ef aðildarríkjunum er tilkynnt um samþykkt þeirra.
Tilkynni aðalskrifstofa framkvæmdastjórnarinnar ekki aðildarríkjunum um samþykkt gerða eða ráðstafana, sem um getur í 1. mgr., skal það stjórnarsvið framkvæmdastjórnarinnar, sem ber ábyrgð á samþykkt þessara gerða eða ráðstafana, tilkynna samstarfsríkjunum um samþykkt þeirra og vísa til þessarar greinar.
 3. Samstarfsríkin skulu, hvert í sínu lagi, ákveða hvort þau samþykkja efni gerðanna eða ráðstafanna, sem um getur í 1. mgr., og hvort þau taka þær upp í landsrétt sinn. Þessar ákvarðanir skulu tilkynntar framkvæmdastjórninni innan 30 daga frá því að hún tilkynnti um viðkomandi gerðir eða ráðstafanir.
Eftirfarandi ákvæði gilda um samþykkt samstarfsríkjanna á þeim gerðum og ráðstöfunum sem um getur í 1. mgr. og afleiðingar þess ef þau gera það ekki:
 - Ísland og Noregur – 8. gr. samstarfssamningsins við Ísland og Noreg,
 - Sviss – 7. gr. samstarfssamningsins við Sviss,
 - Liechtenstein – 5. gr. bókunarinnar um samstarf við Liechtenstein.

² Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43).

³ Við undirritun þessa samkomulags eru slíkar gerðir eða ráðstafanir samþykktar af framkvæmdastjórninni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur um tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13) eða samþykktar í samræmi við 5. gr. a í ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið (Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23) eins og henni var síðast breytt með ákvörðun ráðsins 2006/512/EB frá 17. júlí 2006 (Stjtið. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

6. gr.

1. Samstarfsríkin skulu á hverju ári leggja til fjárlaga Evrópusambandsins, vegna rekstrarkostnaðar við framkvæmd þessa samkomulags, tiltekinn hundradshluta af fjárhæð sem nemur 500 000 evrum, sem er ákvarðaður á grundvelli þess hve verg landsframleiðsla þeirra er stór hundradshluti af samanlagðri vergri landsframleiðslu allra þátttökuríkja, með fyrirvara um árlega aðlögun með tilliti til verðbólgu í Evrópusambandinu.
Þessari 500 000 evru fjárhæð skal breytt með bréfaskiptum ef breyting á fjölda Schengen-framkvæmdanefndanna, sem þátttökuríkin taka þátt í, eða tíðni funda kallar á það.
2. Ferðakostnaður fulltrúa, sem taka þátt í fundum Schengen-framkvæmdanefndanna skal ekki endurgreiddur.

7. gr.

1. Aðalframkvæmdastjóri ráðs Evrópusambandsins skal vera vörsluaðili samkomulags þessa.
2. Evrópusambandið og samstarfsríkin skulu samþykkja samkomulag þetta í samræmi við eigin málsmeðferðarreglur.
3. Til þess að samkomulag þetta öðlist gildi þarf Evrópusambandið að samþykkja það ásamt að minnsta kosti einu samstarfsríkjanna.
4. Samkomulag þetta öðlast gildi milli Evrópusambandsins og viðkomandi samstarfsríkis á fyrsta degi annars mánaðar eftir að viðkomandi skjal um samþykki eða fullgildingu hefur verið afhent vörsluaðila.
5. Að því er varðar Liechtenstein öðlast þetta samkomulag gildi þegar bókunin um samstarf við Liechtenstein hefur öðlast gildi.

8. gr.

1. Samkomulagi þessu telst slitið, að því er varðar Noreg og Ísland, þegar viðkomandi samstarfssamningi við Ísland eða Noreg er slitið.
2. Samkomulagi þessu telst slitið, að því er Sviss varðar, þegar samstarfssamningnum við Sviss er slitið.
3. Samkomulagi þessu telst slitið, að því er Liechtenstein varðar, þegar bókuninni um samstarf við Liechtenstein er slitið.
4. Vörsluaðila skal tilkynnt um slit á samkomulaginu.

9. gr.

Samkomulag þetta skal, ásamt sameiginlegu yfirlýsingunni, gert í einu frumriti á búlögsku, dönsku, eistnesku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, portúgölsku, pólsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, spænsku, sænsku, tékknesku, ungversku, þýsku, íslensku og norsku og eru allir textarnir jafngildir.

Gjört í Brussel þann tuttugasta og annan september árið tvö þúsund og ellefu.

VIÐAUKI

Skrá yfir starfandi nefndir, sem aðstoða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins við meðferð þess framkvæmdavalds sem henni er falið, að því er varðar framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna.

- nefndin sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1683/95 frá 29. maí 1995 um fyrirmynd að samræmdum vegabréfsáritunum⁴.
- nefndin sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1987/2006 frá 20. desember 2006 um stofnsetningu, rekstur og þróun annarrar kynslóðar Schengen-upplýsingakerfisins (SIS II)⁵ og með ákvörðun ráðsins 2007/533/DIM frá 12. júní 2007 um stofnsetningu, rekstur og þróun annarrar kynslóðar Schengen-upplýsingakerfisins (SIS II)⁶. Þessi nefnd aðstoðar einnig framkvæmdastjórn Evrópusambandsins við beitingu eftirfarandi lagagerninga:
- reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008 frá 9. júlí 2008 um upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir (VIS) og skipti á gögnum milli aðildarríkjanna um vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar (VIS-reglugerð)⁷,
- reglugerð ráðsins (EB) nr. 1104/2008 varðandi umskiptin úr Schengen-upplýsingakerfinu (SIS 1+) yfir í aðra kynslóð Schengen-upplýsingakerfisins (SIS II-upplýsingakerfið)⁸,
- ákvörðun ráðsins 2008/839/DIM frá 24. október 2008 varðandi umskiptin úr Schengen-upplýsingakerfinu (SIS 1+) yfir í aðra kynslóð Schengen-upplýsingakerfisins (SIS II-upplýsingakerfið)⁹,
- nefndin sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 2004/201/DIM frá 19. febrúar 2004 um málsmeðferð við breytingu á Sirene-handbókinni¹⁰ og reglugerð ráðsins (EB) nr. 378/2004 frá 19. febrúar 2004 um málsmeðferð við breytingu á Sirene-handbókinni¹¹ – til að aðstoða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins við að breyta Sirene-handbókinni,
- nefndin sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins frá 16. mars 2005 um að koma á öruggu, veflægu upplýsinga- og samræmingarneti fyrir innflytjendayfirvöld aðildarríkjanna (2005/267/EB)¹²,
- nefndin sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 562/2006 frá 15. mars 2006 um setningu Bandalagsreglna um för fólks yfir landamæri (Schengen-landamærarreglnanna)¹³ – til að aðstoða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins á sviði ytri landamæra,
- nefndin um „Samstöðu og stjórn á straumi innflytjenda“ sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 574/2007/EB frá 23. maí 2007 um stofnun Sjóðs vegna ytri landamæra fyrir tímabilið 2007–2013 sem er liður í almennu áætluninni „Samstaða og stjórn á straumi inn- og útflytjenda“¹⁴,
- nefndin sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009 frá 13. júlí 2009 um Bandalagsreglur um vegabréfsáritanir (vegabréfsáritunarreglurnar)¹⁵ – „vegabréfsáritunarnefndin“.

⁴ Stj. tíð. EB L 164, 14.7.1995, bls. 1.

⁵ Stj. tíð. ESB L 381, 28.12.2006, bls. 4.

⁶ Stj. tíð. ESB L 205, 07.08.2007, bls. 63.

⁷ Stj. tíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 60.

⁸ Stj. tíð. ESB L 299, 8.11.2008, bls. 1.

⁹ Stj. tíð. ESB L 299, 8.11.2008, bls. 43.

¹⁰ Stj. tíð. ESB L 64, 2.3.2004, bls. 45.

¹¹ Stj. tíð. ESB L 64, 2.3.2004, bls. 5.

¹² Stj. tíð. ESB L 83, 1.4.2005, bls. 48.

¹³ Stj. tíð. EB L 105, 13.4.2006, bls. 1.

¹⁴ Stj. tíð. EB L 144, 6.6.2007, bls. 22.

¹⁵ Stj. tíð. EB L 243, 15.9.2009, bls. 1.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING SAMNINGSADILA UM HIÐ SÉRSTAKA
SAMSTARF VIÐ FRAMKVÆMD, BEITINGU OG ÞRÓUN
SCHENGEN-RÉTTARREGLNANNA

Samningsaðilar lýsa því sameiginlega yfir að ekki skuli litið á hið sérstaka samstarf lýðveldisins Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins, Konungsríkisins Noregs og Ríkjasambandsins Sviss við framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna sem lagalegt eða pólitískt fordæmi fyrir samstarfi á neinu öðru sviði milli Evrópusambandsins og þessara ríkja.

ARRANGEMENT
BETWEEN THE EUROPEAN UNION
AND THE REPUBLIC OF ICELAND,
THE PRINCIPALITY OF LIECHTENSTEIN,
THE KINGDOM OF NORWAY AND THE SWISS CONFEDERATION
ON THE PARTICIPATION BY THOSE STATES
IN THE WORK OF THE COMMITTEES WHICH ASSIST
THE EUROPEAN COMMISSION IN THE EXERCISE OF
ITS EXECUTIVE POWERS AS REGARDS THE IMPLEMENTATION,
APPLICATION AND DEVELOPMENT OF THE SCHENGEN *ACQUIS*

THE EUROPEAN UNION,

and

THE REPUBLIC OF ICELAND,

hereinafter referred to as "Iceland",

THE PRINCIPALITY OF LIECHTENSTEIN,

hereinafter referred to as "Liechtenstein",

THE KINGDOM OF NORWAY,

hereinafter referred to as "Norway" and

THE SWISS CONFEDERATION,

hereinafter referred to as "Switzerland",

Together hereinafter referred to as the "Associated States",

HAVING REGARD TO the Agreement concluded on 18 May 1999 by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those States with the implementation, application and development of the Schengen *acquis*, hereinafter referred to as the "Association Agreement with Iceland and Norway",

HAVING REGARD TO the Agreement signed on 26 October 2004 between the European Union, the European Community and the Swiss Confederation on the Swiss Confederation's association with the implementation, application and development of the Schengen *acquis*, hereinafter referred to as the "Association Agreement with Switzerland",

HAVING REGARD TO the Protocol signed on 28 February 2008 between the European Union, the European Community, the Swiss Confederation and the Principality of Liechtenstein on the accession of the Principality of Liechtenstein to the Agreement between the European Union, the European Community and the Swiss Confederation on the Swiss Confederation's association with the implementation, application and development of the Schengen *acquis*, hereinafter referred to as the "Association Protocol with Liechtenstein",

HAVING REGARD TO the agreement in the form of an exchange of letters concluded on 18 May 1999 between the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the committees which assist the European Commission in the exercise of its executive powers,

HAVING REGARD TO the agreement in the form of an exchange of letters signed on 26 October 2004 between the Council of the European Union and the Swiss Confederation on the committees which assist the European Commission in the exercise of its executive powers,

HAVING REGARD TO the Declaration to the Association Protocol with Liechtenstein signed on 28 February 2008 on the participation in the committees which assist the European Commission in the exercise of its executive powers,

CONSIDERING that new acts or measures of the Schengen *acquis* adopted by the European Commission, hereinafter referred to as the "Commission", in the exercise of its executive powers, to which the procedures set out in this Arrangement have been applied, shall be applied simultaneously for the European Union and its Member States concerned and for the Associated States,

CONSIDERING the need to ensure the application and uniform implementation of the new acts or measures of the Schengen *acquis* which requires participation of the Associated States in the work of the committees which assist the Commission in the exercise of its executive powers where the decisions on the acts or measures constituting a development of the Schengen *acquis* are taken,

WHEREAS the Association Agreements do not address the detailed rules of the participation of the Associated States in the work of the committees which assist the Commission in the exercise of its executive powers where the decisions on the acts or measures constituting a development of the Schengen *acquis* are taken,

WHEREAS the participation of the Republic of Iceland, the Kingdom of Norway and the Principality of Liechtenstein in the Committee which assists the Commission in the exercise of its executive powers established by Directive 95/46/EC of the European Parliament and of the Council of 24 October 1995 on the protection of individuals with regard to the processing of personal data and on free movement of such data¹ is currently laid down in the Agreement on the European Economic Area, while the participation of the Swiss Confederation in this Committee is laid down in the exchange of letters annexed to the Association Agreement with Switzerland,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

ARTICLE 1

This Arrangement applies to the acts or measures amending or building upon the Schengen *acquis* adopted by the Commission in the exercise of its executive powers as regards the implementation, application and development of the Schengen *acquis*.

ARTICLE 2

1. The Associated States shall be associated as observers with the work of the committees which assist the Commission in the exercise of its executive powers as regards the implementation, application and development of the Schengen *acquis*, hereinafter referred to as the "Schengen Comitology committees", referred to in the Annex to this Arrangement.
2. When a new act amending or building upon the Schengen *acquis* establishes a new committee which assists the Commission in the exercise of its executive powers, the Associated States shall be associated with the work of this committee as from the entry into force of the act establishing the committee.
3. The list of the Schengen Comitology committees shall be regularly updated by the Commission and shall be published in the Official Journal of the European Union.

ARTICLE 3

1. The representatives of the Associated States shall be associated with the work of the Schengen Comitology committees as outlined in this Article.
2. In the Schengen Comitology committees, the Associated States shall have the opportunity:
 - to explain the problems they encounter in respect of a particular act or measure regarding the implementation, application or development of the Schengen *acquis* or respond to the problems encountered by other delegations;

¹ OJ L 281, 23.11.1995, p.31.

- to express themselves on any questions concerning the drawing up and the development of provisions of concern to them or implementation thereof.
- 3. The Associated States shall have the right to make suggestions in the Schengen Comitology committees. After discussion, the Commission may consider such suggestions with a view to making a proposal or taking an initiative.
- 4. The Associated States shall not participate in the voting of the Schengen Comitology committees and shall withdraw when the Committee moves to a vote.
- 5. When the meetings of the Schengen Comitology committees are convened, the Associated States shall receive the agenda, the draft measures on which they are asked to give an opinion and any other relevant working documents at the same time as the Member States of the EU.
- 6. The principles and conditions concerning public access to the documents of the Schengen Comitology committees shall be the same as those applying to Commission documents².
- 7. For the purpose of the application of this Arrangement and when setting up the procedural aspects of the Schengen Comitology committees, the reference shall be made to this Article.

ARTICLE 4

When drafting proposals amending or building upon the provisions of the Schengen *acquis* the Commission shall informally seek advice from experts of the Associated States in the same way as it seeks advice from experts of the Member States of the European Union, hereinafter referred to as the "Member States", for drawing up its proposals.

ARTICLE 5

1. The adoption of new acts or measures constituting a development of the Schengen *acquis* shall be reserved to the competent institutions of the European Union³.
Subject to paragraph 3,
 - such acts or measures shall enter into force simultaneously for the European Union and its Member States concerned and for the Associated States, unless those acts or measures explicitly state otherwise,
 - the acceptance by each Associated State of such acts or measures creates rights and obligations between that Associated State, of the one part, the European Union and those of its Member States bound by those acts and measures, of the other part.
2. The adoption of the acts or measures referred to in paragraph 1 to which the procedures set out in this Arrangement have been applied shall be communicated to the Associated States.
The adoption of acts or measures referred to in paragraph 1 shall be communicated to the Associated States by the Secretariat General of the Commission, with reference to this Article, if the adoption of these acts or measures is notified to the Member States.
If the adoption of acts or measures referred to in paragraph 1 is not notified to the Member States by the Secretariat General of the Commission, the adoption of these acts or measures shall be communicated to the Associated States by the Directorate General of the Commission responsible for the adoption of acts or measures concerned, referring to this Article.
3. Each Associated State shall decide independently whether to accept the content of the acts or measures referred to in paragraph 1 and whether to implement them into its internal legal order. These decisions shall be notified to the Commission within 30 days of the communication by the Commission of the acts or measures concerned.

² Regulation (EC) No 1049/2001 of the European Parliament and of the Council of 30 May 2001 regarding public access to European Parliament, Council and Commission documents (OJ L 145, 31.5.2001, p. 43).

³ At the time of the signature of this Arrangement these acts or measures are adopted by the Commission in accordance with Regulation (EU) No 182/2011 of the European Parliament and of the Council of 16 February 2011 laying down the rules and general principles concerning mechanisms for control by Member States of the Commission's exercise of implementing powers (OJ L 55, 28.2.2011, p. 13) or are adopted in accordance with Article 5a of Council Decision 1999/468/EC of 28 June 1999 laying down the procedures for the exercise of implementing powers conferred on the Commission (OJ L 184, 17.7.1999, p. 23) as last amended by Council Decision 2006/512/EC of 17 July 2006 (OJ L 200, 22.7.2006, p. 11).

For the acceptance by the Associated States of the acts and measures referred to in paragraph 1 and the consequences for not accepting them, the following provisions shall apply:

- Iceland and Norway – Article 8 of the Association Agreement with Iceland and Norway;
- Switzerland – Article 7 of the Association Agreement with Switzerland;
- Liechtenstein – Article 5 of the Association Protocol with Liechtenstein.

ARTICLE 6

1. As regards administrative costs associated with the implementation of this Arrangement, the Associated States shall make an annual contribution to the general budget of the European Union in accordance with the percentage of the gross domestic product of their countries in relation to the gross domestic product of all participating States of an amount of EUR 500 000, subject to an annual adjustment to reflect the rate of inflation in the European Union.
The amount of EUR 500 000 shall be adjusted by exchange of letters if the evolution of the number of the Schengen Comitology committees to which the Associated States participate or the frequency of meetings so require.
2. The travelling costs of the representatives who participate in the meetings of the Schengen Comitology committees shall not be reimbursed.

ARTICLE 7

1. The Secretary General of the Council of the European Union shall act as depositary of this Arrangement.
2. The European Union and the Associated States shall approve this Arrangement in accordance with their own procedures.
3. The entry into force of this Arrangement shall require approval by the European Union and by at least one Associated State.
4. This Arrangement shall enter into force between the European Union and the Associated State concerned on the first day of the second month following the deposit of the respective instrument of approval or ratification with the depositary.
5. As regards Liechtenstein, this Arrangement enters into force only once the Association Protocol with Liechtenstein has entered into force.

ARTICLE 8

1. As regards Norway and Iceland, this Arrangement shall be terminated when the respective Association Agreement with Iceland or Norway is terminated.
2. As regards Switzerland, this Arrangement shall be terminated when the Association Agreement with Switzerland is terminated.
3. As regards Liechtenstein, this Arrangement shall be terminated when the Association Protocol with Liechtenstein is terminated.
4. The depositary shall be notified of termination.

ARTICLE 9

This Arrangement and the Joint Declaration shall be drawn up in one single original in the Bulgarian, Czech, Danish, Dutch, English, Estonian, Finnish, French, German, Greek, Hungarian, Italian, Latvian, Lithuanian, Maltese, Polish, Portuguese, Romanian, Slovak, Slovenian, Spanish, Swedish, Icelandic and Norwegian languages, each text being equally authentic.

Done at Brussels on the twenty-second day of September in the year two thousand and eleven.

ANNEX

List of the existing committees which assist the European Commission in the exercise of its executive powers as regards the implementation, application and development of the Schengen *acquis*:

- The committee established by Council Regulation (EC) No 1683/95 of 29 May 1995 laying down a uniform format for visas⁴;
- The committee established by Regulation (EC) No 1987/2006 of the European Parliament and of the Council of 20 December 2006 on the establishment, operation and use of the second generation Schengen Information System (SIS II)⁵ and by Council Decision 2007/533/JHA of 12 June 2007 on the establishment, operation and use of the second generation Schengen Information System (SIS II)⁶; this committee also assists the European Commission in the application of the following legal instruments:
 - Regulation (EC) No 767/2008 of the European Parliament and of the Council of 9 July 2008 concerning the Visa Information System (VIS) and the exchange of data between Member States on short-stay visas (VIS Regulation)⁷;
 - Regulation (EC) No 1104/2008 of the Council of 24 October 2008 on migration from the Schengen Information System (SIS1+) to the second generation Schengen Information System (SIS II)⁸;
 - Council Decision 2008/839/JHA of 24 October 2008 on migration from the Schengen Information System (SIS1+) to the second generation Schengen Information System (SIS II)⁹;
- The committee established by Council Decision 2004/201/JHA of 19 February 2004 on procedures for amending the Sirene Manual¹⁰ and Council Regulation (EC) No 378/2004 of 19 February 2004 on procedures for amending the Sirene Manual¹¹ - to assist the European Commission in amending the Sirene manual;
- The committee established by Council Decision of 16 March 2005 establishing a secure web-based information and coordination network for a Member States' migration management services (2005/267/EC)¹²;
- The committee established by Regulation (EC) No 562/2006 of the European Parliament and of the Council of 15 March 2006 establishing a Community Code on the rules governing the movement of persons across borders (Schengen Borders Code)¹³ – to assist the European Commission in the field of external borders;
- The committee "Solidarity and Management of Migration Flows" established by Decision No 574/2007/EC of the European Parliament and of the Council of 23 May 2007 establishing the External Borders Fund for the period 2007 to 2013 as part of the General programme "Solidarity and Management of Migration Flows"¹⁴;
- The committee established by Regulation (EC) No 810/2009 of the European Parliament and of the Council of 13 July 2009 establishing a Community Code on Visas (Visa Code)¹⁵ - the "Visa Committee".

⁴ OJ L 164, 14.7.1995, p. 1.

⁵ OJ L 381, 28.12.2006, p. 4.

⁶ OJ L 205, 07.08.2007, p. 63.

⁷ OJ L 218, 13.8.2008, p. 60.

⁸ OJ L 299, 8.11.2008, p. 1.

⁹ OJ L 299, 8.11.2008, p. 43.

¹⁰ OJ L 64, 2.3.2004, p. 45.

¹¹ OJ L 64, 2.3.2004, p. 5.

¹² OJ L 83, 1.4.2005, p. 48.

¹³ OJ L 105, 13.4.2006, p. 1.

¹⁴ OJ L 144, 6.6.2007, p. 22.

¹⁵ OJ L 243, 15.9.2009, p. 1.

JOINT DECLARATION BY THE CONTRACTING PARTIES
ON THE SPECIFIC ASSOCIATION WITH THE IMPLEMENTATION,
APPLICATION AND DEVELOPMENT OF THE SCHENGEN *ACQUIS*

The Contracting Parties jointly declare that the specific association of the Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway and the Swiss Confederation with the implementation, application and development of the Schengen *acquis* shall not be regarded as a legal or political precedent for any other field of cooperation between the European Union and those States.

C-deild – Útgáfud.: 29. október 2021